

Sveitarfélagið Hornafjörður
Skipulagsstjóri
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík 11. október 2017
UST201709-007/K.S.J.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar , tillaga að breytingu, tengivirkí í Öræfum

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Hornafjarðar er barst 4. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Í greinargerð kemur fram að breytingartillagan felur í sér að 2,2 ha svæði sunnan Suðurlandsvegar á Hnappavöllum skammt austan við Hólá breytist úr landbúnaðarlandi í iðnaðarsvæði. Á iðnaðarsvæðinu er áætlað að reisa tengivirkí og aðveitustöð.

Í ofangreindri tillögu kemur fram að áætlað framkvæmdasvæði er innan landbúnaðarsvæðis og að viðkomandi svæði sé raskað að hluta vegna eldri framkvæmda við lagningu háspennulínu sem þegar er á svæðinu. Umhverfisstofnun tekur undir að neikvæð áhrif munu verða vegna sýnileika tengivirkisins í landslaginu, aðallega frá hringveginum. Stofnunin tekur einnig undir það að í deiliskipulagi skuli setja skilmála um vandaða hönnun, efnisval og litaval á mannvirkinu og að setja á upp jarðvegsmanir til að draga úr ásýnd tengivirkisins.

Á ofangreindu framkvæmdasvæði eru ekki svæði á náttúruminjaskrá og þar eru ekki svæði er njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda breytingartillögu.

Virðingarfullst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Agnar B. Bragason
Teymisstjóri